

Fundargerðir skólanefndar MA 2022-2023

Fastir fundir skólanefndar eru þriðja fimmtudag í hverjum mánuði frá kl. 15-16.30

Í nefndinni sitja:

Kristrún Lind Birgisdóttir (skipuð af ráðherra, formaður)

Ásta A. Pétursdóttir (skipuð af ráðherra)

Óli Þór Jónsson (skipaður af ráðherra)

Elías Gunnar Þorbjörnsson (skipaður af SSNE)

Erla Rán Kjartansdóttir (skipuð af SSNE)

Birgir Orri Ásgrímsson (fulltrúi Hugins)

Karl Frímannsson (skólameistari, áheyrnarfulltrúi)

Eyrún Huld Haraldsdóttir (fulltrúi kennara)

Pollý Rósa Brynjólfssdóttir (fulltrúi foreldrafélags MA)

255. fundur 19. apríl 2023

	Ásta A. Pétursdóttir Birgir Orri Ásgrímsson Elías Gunnar Þorbjörnsson (Teams, seinnihluti fundar) Eyrún Huld Haraldsdóttir Karl Frímannsson Kristrún Lind Birgisdóttir Óli Þór Jónsson Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir Ragnar Hólm Ragnarsson		
Fund boðaði:	Karl	Fundarritun:	Eyrún Huld
Forföll:	Erla Rán og Pollý Rósa		
Staður:	Sólbyrgið		
Tími:	15.00-16.00	Dags.	19. apríl 2023

Nr.	Atriði:	Ábyrgð
1	Fjárhagsstaðan Ragnar leggur fram til kynningar og fer yfir helstu fjárhagsliði. Hefur rúllað ágætlega síðustu þrjá mánuði.	RHR

2	<p>Samvinna MA og VMA</p> <p>Erindi frá Menntamálaráðuneyti um aukið samstarf skólanna. Kynning til nefndarinnar. Nemendum fækkar í bóknámi en fjölgar í verknámi. Krafa gerð um að nýta húsnæði betur en nú er gert almennt, sérstaklega hjá stofnunum með 50 starfsmönnum eða færri og í framhaldsskólum. Nálgunin hér er fyrst og fremst sú að efla skólustarf og viðhalda eins miklu námsframboði og hægt er. Ekkert gert fyrr en skriflegt erindi kemur frá ráðherra. Ákveðinn stýrihópur sem á að hafa yfirumsjón með öllu landinu. Samtalið ekki komið af stað og engar ákvarðanir hafa verið teknar enn.</p>	KF
3	<p>Stjórn mötuneytis MA</p> <p>Til upplýsingar: Stjórn hefur ekki verið starfandi hingað til. Heildarendurskoðun á samningi á næsta ári. Þá verður farið í það að Lundur og mötuneytið þjóni báðum skólum til jafns.</p>	KF
4	<p>Starfsáætlun skólanefndar MA</p> <p>Tilfni til að nefndin líti á áætlunina og endurskoði hana – athuga hvort fólk hafi eitthvað við hana að bæta. Liggur fyrir að samþykkja nýja áætlun á næsta fundi, lokafundi annarinnar.</p>	KLB
5	<p>Skóladagatal 2023-2024</p> <p>Til upplýsingar: Farið yfir skóladagatalið. Vetrarfrí sameiginleg grunnskólum að mestu.</p>	KF
6	<p>Önnur mál</p>	KF

254. fundur 16. febrúar 2023

Mætt:	Ásta A. Pétursdóttir, Birgir Orri Ásgrímsson, Elías Gunnar Þorbjörnsson (Teams), Erla Rán Kjartansdóttir, Eyrún Huld Haraldsdóttir, Karl Frímansson, Krístrún Lind Birgisdóttir, Óli Þór Jónsson (Teams), Pollý Rósa Brynjólfsdóttir, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir		
Fund boðaði:	Karl	Fundarritun:	Eyrún og Sigurlaug
Forföll:			
Staður:	Sólbyrgið		
Tími:	15.00-16.15	Dags.:	16. feb 2023

Nr.	Atriði:	Ábyrgð
1	<p>Ytra mat á MA – Kynning á skýrsludrögum</p> <p>Karl leggur fram til kynningar. Á þriggja ára fresti er gert ytra mat, við erum í úttekt núna. Mikil vinna sem fer af stað. Tveir úttektaraðilar koma í mars. Þeir taka viðtöl við hagsmunaaðila. Eftir vinnuna verða gögn aðgengileg og opin. Þegar matið liggur fyrir þá hefst mikil vinna líka að vinna úr því. Umræða um gæðakerfi almennt, lítið unnið með þau í íslenskum skólum, of lítið finnst sumum.</p>	KF
2	<p>Skipan í stjórn Lundar – Skipa þarf nýja stjórn skv. samþykktum</p> <p>Fimm fulltrúar eru skipaðir af skólanefnd MA – MA og VMA tilnefna fulltrúa, fimmti fulltrúi er formaður heimavistarráðs. Stjórnin sem situr vel starfandi. Spurning hvort sú stjórn vill sitja áfram.</p> <p><i>Tillaga að ráðið verður skipað áfram út skólaárið en jafnframt að ræða við núverandi stjórnarmenn um áframhaldandi setu.</i></p>	KF
3	<p>Mötuneyti MA – samningur við Lund og við VMA</p> <p>Samningnum var sagt upp – mötuneyti MA er með samningsdrög á borðinu við VMA, þá að mötuneyti MA myndi sjá um mötuneyti VMA út önnina. Ragnar fjármálastjóri sá um þetta ferli fyrir okkar hönd. Tvenns konar rekstur í VMA, sjöppan annars vegar og hins vegar</p>	KF

	hádegismaturinn. Munnlegur samningur um það að VMA beri fjárhagsábyrgð á þessu.	
4	Drög að skóladagatali Til kynningar. Karl fer yfir drög að skóladagatali. Rætt um dagsetningu árs hátíðar. Höllin töluvert bókuð og því þarf að huga að þessu snemma.	
5	Gæðaráð – staða umbóta ofl Gæðaráð – staða umbóta. Skólameistari kynnir þá stöðu. Eftir síðasta ytra mat var gerð umbótaáætlun. Gæðaráð var sett á fót 2019 og gæðastjóri er í hálfu starfi. Verið er að vinna að gæðahandbók sem er langt komin og verður gerð opinber síðar á árinu. Stóra verkefnið er svo að vinna eftir henni og koma innra mats ferlinu í gang. Tökum líka þátt í Stofnun ársins. Verður sífellt meiri krafa um að við getum sýnt fram á starfshætti okkar.	KF
6	Önnur mál Skólameistari sagði frá fundi ráðherra og ráðuneytis með skólameisturum framhaldsskólanna um daginn.	KF

253. fundur 17. nóvember 2022

Mætt:	Ásta A. Pétursdóttir, Birgir Orri Ásgrímsson, Elías Gunnar Þorbjörnsson, Eyrún Huld Haraldsdóttir, Karl Frímansson, Krístrún Lind Birgisdóttir, Ragnar Hólm Ragnarsson, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir		
Fund boðaði:	Krístrún	Fundarritun:	Eyrún
Forföll:	Erla Rán, Pollý Rósa og Óli Þór voru fjarverandi.		
Staður:	Sólbyrgið		
Tími:	15.00-16.00	Dags.:	17. nóv 2022

Nr.	Atriði:	Ábyrgð
1	<p>Rekstraráætlun</p> <p>Ragnar fer yfir rekstraráætlun 2023 – Niðurstaða ársins verður í kringum 88 milljónir í halla – 58.9 milljónir frá fyrra ári færast yfir – launakostnaður á haustönn er ástæða hallans, 10 milljónir á mánuði sem söfnuðust upp þá. Heildarniðustaða 170 milljónir í halla – í lok árs 2023 yrði hallinn þá 200 milljónir með öllu.</p> <p>Framlag ríkisins fyrir hvern nemanda að lækka, sem er undarlegt þar sem allt er að hækka. Ekki eðlileg þróun.</p> <p>Samanborið við bóknámsskóla annars staðar virðist launapróunin svipuð og þar. Á landsbyggðinni erum við í meðallagi en á landsvísu fjórðu neðst.</p> <p>Rætt um möguleika og samtal við ráðuneyti. Lítið gagnsæi í þessum málaflokki hjá ríkinu og því erfitt að bera sig saman við aðrar sambærilegar stofnanir. Í raun verður samtalið tekið þegar viðbrögð við áætlun fást. Lítið annað hægt að gera. Raunhæfara markmið að koma rekstrinum inn í rammann heldur en að ætla að vinna upp hallann.</p>	KF/RHR
2	<p>Kennarafundur</p> <p>Fundargerð kennarafundar lögð fram til kynningar og rædd stuttlega. Símanotkun nemenda og rætt um viðbrögð, bann ekki lausn. Okkar hlutverk að samræma viðbrögð og að þau séu í virku námi.</p>	KF
3	<p>Ráðningar</p>	KF

	Auglýstar tvær stöður, náms- og starfsráðgjafa og skrifstofustjóra. 6 umsóknir, 4 í viðtöl. Sandra Sif Ragnarsdóttir hefur verið ráðin. Hún byrjar líklega um áramót. 25 umsóknir um skrifstofustjóra, 6 í viðtöl og búið að bjóða einni starfið, í ferli enþá.	
4	Heilbrigð samskipti Áætlanir okkar um bætt samskipti og ýmislegt sem er vert að skoða þar t.d. sætaskipan í Kvos, Ganga yfir sviðið, nýnemablað o.fl. Markmið að efla og styrkja farsæla skólamenningu.	KF
5	Mötuneytið Mötuneytið – umræða hafin varðandi breytingar á rekstri mötuneytis. MA er ábyrgt fyrir mötuneytinu eins og staðan er núna. Lundur stendur utan við. Ætti að samþætta þjónustuna? VMA leitar eftir nýjum leiðum varðandi hádegismat, sem afgreiddur yrði þar. Rætt um rekstrarmöguleika og framtíðina. Í raun ekki hægt að ræða fyrr en öll gögn liggja fyrir, skoðað betur eftir áramót.	KF

252. fundur 20. október 2022

Mætt:	Elías, Erla, Eyrún, Karl, Krístrún, Marey, Óli og Pollý - Sigurlaug Anna sat fundinn		
Fund boðaði:	Krístrún	Fundarritun:	Eyrún
Forföll:	Birgir Orri boðaði forföll og Marey Dóróthea Maronsdóttir mætti hans stað Ásta Pétursdóttir var fjarverandi		
Staður:	Sólbyrgið		
Tími:	15.00-16.00	Dags.:	20. okt 2022

Nr.	Atriði:	Ábyrgð
1	<p>Fundargerð kennarafundar 7. október 2022</p> <p>Lagt fram til kynningar - Rætt nánar um ákveðin atriði:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1) Endurskoðun á viðbragðsáætlun vegna ofbeldismála. Verið að vinna að ramma að því hvernig við getum komin öllum til hjálpar og haldið utan um alla. Vonandi verður niðurstaðan hjálpleg fyrir alla skóla. Góð umræða á kennarafundinum. Rætt um mikilvægi ferla og að kerfið grípi alla á sama hátt. Gott að ráðuneytið leggur áherslu á að bregðast við og farsældarlögin verða vonandi öllum til góða. Umræða um nemendavernd og hlutverk nemenda í svona málum. Frumkvæði hefur komið frá nemendum hér. Sáttameðferðir ungmenna mikilvægar í þessu samhengi. Vel þess virði að fjárfesta í að unnið sé vel úr þessum málum, upp á framtíðina. Umræður munu halda áfram þegar endurskoðun áætlunar er lokið. 2) Fjárlögin – kynning á útdeild til MA. Rætt um það hvort og hvernig áætlanagerð ríkisins er leiðrétt vegna fjölda nemenda. Verður sundurliðað og klárt til umræðu á næsta fundi. 3) Fyrstu drög að kennsluskiptingu vorannar. Áætlanagerð og mönnun. Mun liggja fyrir á næsta fundi. 	KF
2	<p>Kosning formanns skólanefndar</p> <p>Samkvæmt 5. gr. laga um framhaldsskóla skal formaður skólanefndar kosinn til eins árs í senn.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1) Engin mótframboð bárust til formanns skólanefndar. Krístrún Lind situr áfram sem formaður. 	KLB
3	<p>Starfsáætlun skólanefndar veturinn 2022-2023</p> <p>Formaður skólanefndar gerir grein fyrir starfsáætlun skólanefndar skólaárið 2022-2023.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1) Krístrún leggur fram áætlun fyrir skólaárið. Sett upp starfsáætlun sem skólanefndin mun fylgja. Verkefni sem nefndin ræðir í vetur, en þó er skjalið breytilegt ef eitthvað kemur upp. Ákveðið að hafa sjö fundi á skólaárinu (mánaðarlega að febrúar og desember undanskildum). Handbókin með starfsáætluninni verður aðgengileg á Teams. Gögn útsend til nefndarfólks a.m.k. tveimur dögum fyrir fundinn. 	KLB

4	Önnur mál 1) Rætt um að nú í ár sé mjög vönduð og ákveðin stjórn skólafélagsins, framsýn og málefnaleg stjórn. Þau eru í mjög góðum samskiptum við stjórnendur. 2) Rætt um starfsmannamál. Tvær auglýsingar í loftinu núna, náms- og starfsráðgjafi og svo skrifstofustjóri. Við lok skólaárs munu að öllum líkindum þrír starfsmenn hætta vegna aldurs. 3) Fyrirspurn um peysusölu nemenda. Er hún eingöngu til styrktar ráðinu eða öllum nemendum sem fara í útskriftarferðina? Skólameistari mun leita svara með stjórn skólafélagsins.	KLB
----------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----

Fundargerðir skólanefndar MA 2022-2023

251. fundur 22. september

Mætt:	Ásta, Birgir, Elías, Erla, Hafdís, Karl, Krístrún og Pollý.		
Fundboðaði:	Karl	Fundarritun:	Karl
Forföll:	Óli Þór		
Staður:	Sólbyrgið		
Tími:	15.00-16.00	Dags.:	22. sep 2022

Nr.	Atriði:	Ábyrgð
1	<p>Skólabyrjun, nemendafjöldi, stjórnun ofl.</p> <p>Minnisblað frá skólameistara lagt fram til kynningar og umræðu.</p> <p>Lögð voru fram gögn um fjölda nemenda í skólabyrjun og síðustu ár.</p>	KF
2	<p>Fjárlög og rekstrarstaða</p> <p>Fjármálastjóri gerði grein fyrir fjárlögum fyrir árið 2023 og stöðu rekstrar.</p> <p>Hann mun leggja fram á næsta fundi skólanefndar nánari greiningu á stöðu skólans auk spár um niðurstöðu rekstrarársins.</p>	RHR
3	<p>Viðbragðsáætlun skólans</p> <p>Formaður skólanefndar óskaði eftir að viðbragðsáætlun skólans vegna ofbeldis og eineltis verði tekin til endurskoðunar svo tryggja megi rétt og vönduð viðbrögð.</p> <p>Skólameistari gerir grein fyrir þeirri vinnu á næsta skólanefndarfundi.</p>	KLB
4	<p>Önnur mál</p> <ul style="list-style-type: none"> - Formaður skólanefndar og skólameistari gera drög að starfsáætlun skólanefndarinnar fyrir allt skólaárið og leggja fyrir næsta fund. - Gögn skólanefndar eru vistuð á Teams-svæði nefndarinnar. 	KLB og KF